

Nd.

692. Nefndarátt

um frumv. til laga um gagnfræðaskóla Reykjavíkur.

Frá mentamálanefnd.

Mentamálanefnd fellst á, að rjett sje að gera ráðstafanir um bráðabirgða ungmennafræðslu í Reykjavík, þar til fullkomnum ungmennaskóla verður komið á fót, því búast má við, að bið verði á að slíkur skóli komist upp, jafnvel þó bráðlega yrðu afgreidd allsherjarlög um unglíngafraeðslu í landinu.

Leggur nefndin til, að frnmv. verði samþykkt með svofeldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Stofna skal ungmennaskóla í Reykjavík, er veiti almenna fræðslu, bóklega og verklega, bæði piltum og stúlkum.
2. Við 3. gr.
 - a. Á eftir »íþróttir« í fyrri málslið kemur: og eftir því sem við verður komið.
 - b. Síðari málsliður orðist svo:
Undanþágur má skólustjóri veita nemendum í einstökum námsgreinum, eftir því sem áhugi og hæfileikar benda til.
3. Við 4. gr. Í stað orðanna »sem fyrsti kennari« í síðari málslið kemur: og fastir kennarar.
4. Við 5. gr.
 - a. Fyrri málsliður orðist svo:
Þriggja manna skólanefnd hefir yfirstjórn skólans.
 - b. Í stað »stjórnarráðið« í síðari málslið kemur: fræðslumálastjórnin.
 - c. Í stað orðanna »til 5 ára í senn« í síðari málslið kemur: nefndarinnar til jafnlangs tíma.
5. Við 6. gr. Annar málsliður orðist svo:

Skólanefnd semur reglugerð fyrir skólann um kenslu, próf o. fl., er fræðslumálastjórnin staðfestir.

6. Við 7. gr.

a. Í stað orðanna »Fyrir hverja 20 nemendur« í upphafi fyrsta málsliðs kemur: Fyrir 24 kenslustundir hverra 20 nemenda.

b. Síðasti málsliður orðist svo:

Fræðslumálastjórnin ákveður, að fengnum tillögum skólanefndar, skólagjald nemenda, er renna í skólasjóð.

Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo:

Frumvarp til laga um bráðabirgða ungmennafræðslu í Reykjavík.

Alþingi, 2. apríl 1928.

Ásgeir Ásgeirsson, Magnús Jónsson. Sveinn Ólafsson.
form. og frsm.

Lárus Helgason. Jóhann P. Jósefsson.